

27. febrúar 2009

Tilvísun: 2009020096

Dreifibréf vegna innheimtustarfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Fjármálaeftirlitinu hefur með innheimtulögum nr. 95/2008 verið falið að hafa eftirlit með því að innheimtustarfsemi m.a. viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sé í samræmi við innheimtulög, reglur og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra.

- Innheimtulög nr. 95/2008, tóku gildi þann 1. janúar 2009.
- Reglur nr. 1210/2008 um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008, tóku gildi þann 1. janúar 2009.
- Reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl., tóku gildi þann 1. febrúar 2009.

Heimild til núverandi gjaldtöku rennur út í lok febrúar

Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja athygli á því að heimild einstakra fyrirtækja til að viðhalda núverandi gjaldtöku, að því tilskyldu að teljandi vandkvæði hafi orðið við það að aðlaga tölvukerfi að reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. fyrir gildistöku hennar, rennur út í lok febrúar 2009.


Fjármálaeftirlitið vill vekja sérstaka athygli á eftirfarandi ákvæðum innheimtulaga, reglugerðar um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. og reglna nr. 1210/2008 um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008.

- Í 3. mgr. 7. gr. innheimtulaga og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. kemur m.a. fram að viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, geta ekki sameinað greiðsluseðil og innheimtuviðvörðun í innheimtu vegna eigin starfsemi.
- Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. kemur m.a. fram að skuldari skuli einungis greiða fyrir eina skyldubundna innheimtuviðvörðun, valfrjálst milliinnheimtubréf og tvær valfrjálsar ítrekanir á þeim og eitt símtal í milliinnheimtu þar sem samband næst. Óheimilt er að leggja á prósentugjöld miðað við skuld, vanskilagjöld eða önnur samsvarandi gjöld.
- Einnig er vakin athygli á 11. gr. og 12. gr. reglna um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008, er varða skýrsluskil og tilkynningu um framkomna skaðabótakröfu.
- Fjármálaeftirlitið vill auk þess minna á tilmæli viðskiptaráðherra til fjármálafyrirtækja um seðilgjöld, frá 19. febrúar 2008 (Viðskiptaráðuneytið fréttatilkynning nr. 7/2008).

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Rúnar Guðmundsson


Hildur Jóna Júlíusdóttir